

Félag grunnskólakennara

Ársreikningur 2018

Laufásvegi 81
101 Reykjavík

Kt. 621299-4259

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar í Félagi grunnskólakennara

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags grunnskólakennara fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2018, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018 og efnahag þess 31. desember 2018 í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Félagi grunnskólakennara í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að meta rekstrarhæfi Félags grunnskólakennara og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp félagið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum.

Reykjavík 14. mars 2019

Árni S. Snæbjörnsson

löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.

Borgartúni 30

105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

Hlutverk félagsins er að fara með málefni félagsmanna KÍ sem sinna kennslu eða ráðgjöf í grunnskólum, gera kjarasamninga fyrir félagið, efla faglega umræðu meðal félagsmanna, halda fundi og námskeið fyrir trúnaðarmenn og aðra kjörna fulltrúa félagsdeilda og vinna að því að enginn starfi við kennslu í grunnskóla án kennsluréttinda.

Fjórir starfsmenn störfuðu hjá félaginu á árinu í 3,5 stöðugildum.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2018 8.115 þús. kr. Hrein eign félagsins í árslok nam 150.766 þús. kr. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn Félags grunnskólakennara staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 14. mars 2019

Í stjórn:

Áritun skoðunarmanna

Reykjavík,

Rekstrarreikningur 2018

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Rekstrartekjur	Skýr.	2018	2017	2016	2015
Framlag úr Félagssjóði KÍ		107.363	102.623	95.115	88.672
Fræðslusjóður	5	31.697	31.945	26.036	28.947
Aðrar tekjur		595	4.182	26.911	0
		<u>139.655</u>	<u>138.749</u>	<u>148.061</u>	<u>117.619</u>
Rekstrargjöld					
Laun og launatengd gjöld	3	55.435	42.163	39.143	35.236
Rekstur skrifstofu	6	1.919	810	563	409
Útgáfu-, kynningar- og uppl.kostn. ...	7	2.248	0	75	502
Sérstök verkefni, sérst. fjárv.	8	165	1.604	40	2.147
Stjórn, nefndir og erindrekstur	9	25.831	16.724	34.175	16.917
Erlent samstarf	10	2.469	1.179	1.515	1.524
Framlög til svæðafélaga	11	13.000	13.000	13.000	13.010
Laun til formanna svæðafélaga		17.564	16.070	14.015	11.180
Fræðslusjóður	5	15.681	21.968	13.492	0
		<u>134.312</u>	<u>113.519</u>	<u>116.018</u>	<u>80.925</u>
Rekstrarhagnaður		5.344	25.231	32.044	36.694
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld					
Vaxtatekjur		3.554	2.715	3.395	68
Vaxtagjöld		0	0	(2)	(4)
Fjármagnstekjuskattur		(782)	(543)	(55)	(14)
		<u>2.772</u>	<u>2.172</u>	<u>3.338</u>	<u>50</u>
Hagnaður (tap)					
- af reglulegri starfsemi		(7.900)	17.426	22.838	7.796
- af fræðslusjóði	5	16.016	9.977	12.544	28.947
Hagnaður ársins		<u>8.115</u>	<u>27.403</u>	<u>35.382</u>	<u>36.744</u>

Efnahagsreikningur

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eignir

	Skýr.	2018	2017	2016	2015
Veltufjármunir					
Félagssjóður KÍ		0	56.345	52.700	81.807
Krafa á svæðafélög		1.898	1.094	638	0
Aðrar skammtímakröfur		2	2	0	0
Handbært fé fræðslusjóðs		115.359	86.548	63.355	0
Handbært fé		58.060	1.830	1.779	1.718
Veltufjármunir samtals		<u>175.318</u>	<u>145.819</u>	<u>118.473</u>	<u>83.525</u>

Eignir samtals	<u>175.318</u>	<u>145.819</u>	<u>118.473</u>	<u>83.525</u>
-----------------------	----------------	----------------	----------------	---------------

31. desember 2018

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2018	2017	2016	2015
Eigið fé					
Óráðstafað eigið fé fræðslusjóðs	4	79.554	63.538	53.561	41.017
Óráðstafað eigið fé	4	71.212	79.113	61.687	38.849
Eigið fé samtals		<u>150.766</u>	<u>142.650</u>	<u>115.248</u>	<u>79.866</u>
Skuldir					
Skammtímaskuldir					
Ógreitt til svæðafélaga		0	0	0	1.232
Félagssjóður KÍ		20.789	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir		3.764	3.168	3.225	2.428
Skammtímaskuldir samtals		<u>24.553</u>	<u>3.168</u>	<u>3.225</u>	<u>3.659</u>
Skuldir samtals		<u>24.553</u>	<u>3.168</u>	<u>3.225</u>	<u>3.659</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>175.318</u>	<u>145.819</u>	<u>118.473</u>	<u>83.525</u>

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

1. Upplýsingar um félagið

Félag grunnskólakennara er aðildarfélag Kennarasambands Íslands, sem er til heimilis að Laufásvegi 81, 101 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna nema þar sem annað er tilgreint.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

3. Laun og launatengd gjöld

Greidd og gjaldfærð laun eru bæði sett fram sem laun í rekstrarreikningi og falla einnig inn í aðra rekstrarliði. Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

	2018	2017	2016	2015
Laun	73.024	58.767	61.980	45.128
Mótframlag í lífeyrissjóð	11.336	8.631	7.171	5.152
Stéttarfélag	1.474	1.267	1.189	1.127
Tryggingargjald	5.705	4.775	5.313	4.029
Áfallið orlof	595	308	432	(12)
Laun og launatengd gjöld alls	92.134	73.748	76.085	55.424
Breyting á lífeyrisskuldbindingu B-deild	379	415	385	583
Laun til formanna svæðafélaga	(17.564)	(16.070)	(14.015)	(11.180)
Laun og launat. gj. frams. í öðrum liðum	(19.514)	(15.930)	(23.312)	(9.591)
Laun og launat. gj. skv. ársreikningi	55.435	42.163	39.143	35.236

Fastir starfsmenn voru 4 hjá félaginu á árinu í 3,5 stöðugildum. Auk þess er greitt til 162 aðila fyrir stjórnar- og nefndarstörf og annað.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

4. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	Óráðstafað eigið fé fræðslusjóðs	Annað óráðstafað fé	Samtals
Eigið fé 1/1	63.538	79.113	142.650
Afkoma ársins	16.016	(7.900)	8.115
Eigið fé 31/12	79.554	71.212	150.766

5. Fræðslusjóður

Í kjarasamningi félagsins sem undirritaður var á árinu 2014 var samið um nýtt mótframlag launagreiðenda í fræðslusjóð. Framlagið nemur 0,1% af heildarlaunum. Til tekna í ársreikningi eru færð innheimt framlög.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld vegna fræðslusjóðs:

	Tekjur	Gjöld	Mismunur	Staða
Árið 2014	12.070	0	12.070	12.070
Árið 2015	28.947	0	28.947	41.017
Árið 2016	26.036	13.492	12.544	53.561
Árið 2017	31.945	21.968	9.977	63.538
Árið 2018	31.697	15.681	16.016	79.554

Sundurliðun á framlögum úr fræðslusjóði á árinu:

1. Styrkir vegna meistaranáms	5.400
2. Kostnaður vegna trúnaðarmanna	5.880
3. Vinnuumhverfi, kennarafundur	577
4. Kanadaferð	2.283
5. Erlent samstarf	932
6. Aðrir styrkir og greiðslur	609
	<u>15.681</u>

Sundurliðanir

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2018	2017	2016	2015
6. Rekstur skrifstofu				
Símakostnaður.....	303	331	296	267
Póstkostnaður, burðargjöld.....	31	0	0	17
Aðkeyptur akstur.....	0	3	8	2
Áhöld og tæki.....	957	246	129	98
Rekstur kaffistofu.....	0	77	0	0
Þjónustugjöld og bankakostnaður.....	14	42	15	6
Starfsmannatengdur kostnaður.....	592	63	35	19
Ýmis kostnaður.....	20	49	81	0
	<u>1.919</u>	<u>810</u>	<u>563</u>	<u>409</u>
7. Útgáfu-, kynningar- og upplýsingarkostnaður				
Útgáfa, prentverk.....	2.238	0	0	482
Ímyndar- og kynningarmál.....	2	0	75	0
Auglýsingar.....	0	0	0	10
Ýmis kostnaður.....	8	0	0	10
	<u>2.248</u>	<u>0</u>	<u>75</u>	<u>502</u>
8. Sérstök verkefni, sérstakar fjárveitingar				
Gjafir og styrkir.....	147	1.554	0	420
Ýmislegt vegna starfsmanna.....	18	50	0	0
Ýmis kostnaður.....	0	0	40	1.727
	<u>165</u>	<u>1.604</u>	<u>40</u>	<u>2.147</u>

Sundurliðanir

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2018	2017	2016	2015
9. Stjórn, nefndir og erindrekstur				
Stjórn.....	2.042	1.125	628	2.021
Ferðakostnaður stjórnar.....	544	134	60	0
Samráðsfundir.....	300	595	237	1.234
Ferðakostnaður samráðsnefndar.....	813	286	170	0
Samninganefnd.....	8.521	7.201	21.813	4.545
Ferðakostnaður samninganefndar.....	3.014	645	5.437	0
Skólamálanefnd.....	1.744	1.456	1.051	1.121
Ferðakostnaður skólamálanefndar.....	333	98	91	0
Trúnaðarmenn.....	1.995	1.354	1.523	4.142
FG endurgreitt trúnaðarmenn.....	0	2.130	2.115	2.695
Aðal-/ársfundur.....	4.773	698	435	946
Svæðisþing.....	12	155	0	0
Ýmsar nefndir.....	1.467	678	382	81
Rýnihópur.....	0	0	0	16
Erindrekstur.....	183	159	190	106
Almennir félagsfundir.....	64	0	0	0
Ýmis kostnaður.....	27	10	43	10
	25.831	16.724	34.175	16.917
10. Erlent samstarf				
Fargjöld, leigubílar og bílaleiga.....	411	413	422	392
Dagpeningar.....	651	428	271	494
Gistikostnaður.....	312	320	288	567
Erlendir gestir.....	217	0	0	0
Norrænir fundir, aðrir en NLS.....	0	0	0	39
NLS.....	874	0	515	0
Ýmis kostnaður.....	4	19	18	32
	2.469	1.179	1.515	1.524

Sundurliðanir

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2018	2017	2016	2015
11. Framlög til svæðafélaga				
Kennarafélag Reykjavíkur.....	3.159	3.153	3.153	3.153
Kennarafélag Vesturlands.....	904	931	931	931
Kennarasamband Vestfjarða.....	634	663	663	663
Kennarasamband Norðurlands vestra...	700	740	740	740
Bandalag kennara á Norðurlandi eystra	1.237	1.342	1.342	1.342
Kennarasamband Austurlands-KSA.....	804	876	876	876
Kennarafélag Suðurlands.....	1.099	1.076	1.076	1.076
Kennarafélag Vestmannaeyja.....	534	548	548	558
Kennarafélag Reykjaness.....	2.251	2.103	2.103	2.103
Kennarafélag M.S.K.....	1.678	1.567	1.567	1.567
	<u>13.000</u>	<u>13.000</u>	<u>13.000</u>	<u>13.010</u>